



Sjálfsmatsskýrsla FSH
2013-2014

Húsavík, 2014

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	bls. 2
1. Haustönn 2013	bls. 2
1.1 Niðurstöður námsmats haustannar 2013.....	bls. 2
1.2 Innritun nýnema á haustönn 2013.....	bls. 3
1.3 Brotthvarf haustannar 2013 skoðað	bls. 3
1.4 Foreldrakönnun haust 2013	bls. 4
1.5 Foreldrakönnun - úrbótatillögur.....	bls. 5
2. Niðurstöður kennslu- og áfangamats haust 2013.....	bls. 6
2.1 Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu-og áfangakönnun frá haustönn 2013...	bls.7
3. Vorönn 2014.....	bls. 9
3.1 Niðurstöður námsmats vorannar 2014	bls. 9
3.2 Brotthvarf vorannar 2014 skoðað	bls. 10
3.3 Fall og brotthvarf á skólaárinu 2013-2014.....	bls. 11
3.4 Úrbótatillögur vegna falls og brotthvarfs.....	bls. 11
4. Lokaorð.....	bls. 12
5. Viðauki (sjá meðfylgjandi skjal)	

Gögn í viðauka:

Foreldrakönnun haust 2013

Kennslu- og áfangakannanir haust 2013.

Námsrángur haustönn 2013 og vorönn 2014.


Inngangur

Aðalmatsþættirnir á skólaárinu 2013 – 2014 voru foreldrakönnun, ásamt hefðbundnu kennslu- og áfangamat. Í þessari skýrslu er reynt að finna ástæður fyrir brotthvarfi nemenda frá skólanum eins og gert var á síðasta skólaári. Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum skólans er birt. Niðurstöður kennslukannana er hægt að bera saman við niðurstöður kannana í fyrri skýrslum.

Haustönn 2013

Fyrsta verk sjálfsmatsnefndar var að ljúka við að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012-2013. Gerðar voru nauðsynlegar breytingar á viðhorfskönnun foreldra og hún svo lögð fyrir. Að því loknu var farið yfir niðurstöður hennar og þær kynntar ásamt úrbótatillögum. Að auki voru hefðbundnar kennslu- og áfangakannanir lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum. Sjálfsmatsnefnd skólans fór yfir niðurstöður kannananna og setti fram úrbótatillögur um það sem betur mátti fara. Matsnefndin fór einnig yfir ástæður brotthvarfs einstakra nemenda á önninni.

1.1 Niðurstöður námsmats haustannar 2013



Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,2. Fall á önninni var 4,44% og 2,87% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf (brottfall). Meðalmæting nemenda á önninni 95,85%. Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

1.2 Innritun nýnema á haustönn 2013

Innritaðir nýnemar á haustönn 2013 sem komu úr Borgarhólsskóla voru 26, en 32 nemendur voru þar í 10. bekk vorið 2013. Því komu 81,3% nemenda í FSH, en 6 nemendur fóru annað. Í árangursviðmiði um námsframboð skólans er gert ráð fyrir að meira en 80% nemenda 10. bekkjar Borgarhólsskóla velji FSH. Ljóst er að þetta markmið náðist.

1.3 Brotthvarf haustannar 2013 skoðað.

Önn: Haustönn 2013								
Skóli: FSH								
Ástæður brotthvarfs	Kyn						Móðurmál	
	Karl	Kona	1996	1995	1994	Eldri	Íslenska	Annað
Fór að vinna								
Flutningar								
Fjárhagsaðstæður								
Námsörðugleikar								
Fannst námið	1					1	1	
Nám of erfitt								
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk								
Einelti								
Vísað úr skóla/brot á skólareglum								
Veikindi barna								
Fór í annan skóla								
Líkamleg veikindi		1				1	1	
Persónulegar ástæður		1				1	1	
Neysla/meðferð								
Andleg veikindi	1			1			1	
Annað	1	5	1			5	5	1
Samtals:	3	7	1	1		8	9	1

Heildarfjöldi eininga með einkunn O (nem. mættu ekki í lokapróf) var 19, og heildarfjöldi eininga með einkunn H (nemendur hættu) var 32. Brotthvarfsseiningar voru því alls 51 eða 2,9 ársnemendur.

1.4 Foreldrakönnun haust 2013.

Skýrsla um niðurstöður foreldrakönnunnar er í viðauka við þessa skýrslu.

Samanburður á viðhorfskönnun foreldra frá haustönn 2011 og haustönn 2013. Tekinn er jákvæður hluti úr spurningum með kvarða mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála, mjög ósammála. Jákvæður hluti er summa af mjög sammála og frekar sammála. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

Foreldrakönnun

H 2013

Foreldrakönnun

H 2011

Sp.	Mjög ánægður (%)	Frekar	Samt	Sp.	Mjög ánægður (%)	Frekar	Samt.
1	75,76	18,18	93,94	1	52,17	15,22	67,4
3	21,21	54,55	75,76	3	23,91	52,17	76,1
4a	6	48	54	4a	15	39	54
4b	6	52	58	4b	22	31	53
4c	19	55	74	4c	38	36	74
4d	0	61	61	4d	27	31	58
4e	23	35	58	4e	22	40	62
6	48,48	36,36	84,84	6	39,13	36,96	76,1
7	12,12	66,67	78,79	7	13,04	39,13	52,2
8	39,39	51,52	90,91	8	35,56	44,44	80
12	75	25	100	12	73,91	17,39	91,3
14	18,18	60,61	78,79	14	25	47,73	72,7
15	12,5	46,88	59,38	15	22,22	42,22	64,4
16	12,5	37,5	50	16	6,52	41,3	47,8
18a	47	47	94	18a	37	46	83
18b	19	53	72	18b	26	48	74
18c	26	58	84	18c	28	61	89
19a	55	42	97	19a	54	37	91
19b	42	52	94	19b	48	37	85
19c	52	48	100	19c	52	43	95

1.5.

Foreldrakönnun- úrbótatillögur.

Hér á eftir fylgja úrbótatillögur vegna þeirra spurninga í foreldrakönnun sem ná ekki 70% í jákvæðni.

4a –b –d -e: Kynningarstarfsemi. Þessar spurningar snúa allar að kynningarmálum. Foreldrar virðast ekki þekkja nógu vel inntökuskilyrði, skólareglur, námsmat og heimasíðu skólans. Skólinn heldur kynningarfund fyrir foreldra væntanlegra nemenda að vori og aftur að hausti eftir að skólinn hefst. Auk þess er kynningarbæklingur sendur heim til foreldra nýnema. Við teljum að kynningarstarfsemi skólans sé viðunandi og hvetjum foreldra til að kynna sér þær upplýsingar sem þeim eru veittar. Allar þær upplýsingar sem marga foreldra virðist skorta eru gefnar á kynningarfundum, því þar að reyna að fá fleiri foreldra til að mæta á þessa fundi.

15.: Félagsaðstaða nemenda. Þegar þessi könnun var lögð fyrir var nýbúið að taka í notkun nýja félagsaðstöðu nemenda. Það virðist vera að foreldrar hafi ekki kynnt sér nýja aðstöðu.

16. Félagslíf nemenda. Það er athyglisvert að í nemendakönnunum kemur félagslíf betur út heldur en í foreldrakönnunum. Hvetja þarf nemendur til dæða í félagslífi skólans og foreldra að kynna sér félagslíf nemenda skólans.

Niðurstöður kennslu-og áfangamats H 2013.

Skýrslur um niðurstöður kennslukannana er að finna í viðauka við þessa skýrslu.

Jákvæður hluti er summa af sammála og frekar sammála. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

	Jákvæður hluti,				Jákvæður hluti,		
	sammála	frekar			sammála	frekar	Samtals
Sp.		sammála	Samtals		sammála		
1	54,6	25,92	80,52		47,18	24,46	71,64
2	61,68	24,93	86,61		54,33	28,06	82,39
3	29,77	36,67	66,44		31,44	32,41	63,85
4	24,47	31,56	56,03		15,38	28	43,38
5	38,47	23,41	61,88		27,36	35,05	62,41
6	67,1	21,65	88,75		66,26	25	91,26
7	40,97	40,33	81,3		36,37	37,5	73,87
8	53,62	27,21	80,83		50,98	25,13	76,11
9	42,87	41,92	84,79		43,68	34,51	78,19
10	52,14	31,52	83,66		52,11	21,68	73,79
11	44,93	30,35	75,28		35,93	27,34	63,27
12	24,79	26,94	51,73		16,54	19,26	35,8
13	44,02	34,99	79,01		37,81	29	66,81
14	51,59	24,93	76,52		45,52	25,24	70,76
15	41,75	32,23	73,98		38,49	23,97	62,46
16	52,56	28,58	81,14		48,95	25,69	74,64
17	31,02	38,8	69,82		32,29	30,61	62,9
18	27,95	43,83	71,78		30,27	40,77	71,04
19	22,78	58,24	81,02		27,2	46,75	73,95
20	63,84	28,34	92,18		64,71	26,6	91,31
21	19,69	28,67	48,36		15,27	17,81	33,08
22	18,61	37,17	55,78		19,94	23,12	43,06
23	21,5	45,7	67,2		24,89	29,06	53,95
24	18,94	43,47	62,41		22,22	26,79	49,01
25	6,34	32,27	38,61		15,42	28,5	43,92
26	12,26	32,14	44,4		11,82	35,28	47,1
27	6,67	41,82	48,49		9,33	50,58	59,91
28	6,01	47,21	53,22		13,7	42,47	56,17
29	26,38	32,98	59,36		25,25	26,52	51,77
30	29,09	36,12	65,21		24,75	27,87	52,62
Meðaltal			68,88				62,68

2.1 Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2013.

Haustönn 2013.

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni ef sammála, frekar sammála og jákvæður hluti, nær ekki 70%.

Sp. 3. Kennarinn hefur komið námsefninu vel til skila. Hér er jákvæður hluti 63,85%

Sp. 4. Kennarinn hefur haldið athygli minni vel . Hér er jákvæður hluti 43,38%

Sp. 5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg. Hér er jákvæður hluti 62,41%

Sp. 11. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda. Hér er jákvæður hluti 63,27%

Sp. 12. Kennarinn gerið námið áhugavert. Hér er jákvæður hluti 35,80%

Sp. 13. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda. Hér er jákvæður hluti 66,81%

Sp. 15. Kennarinn er áhugasamur um að mér gangi vel í áfanganum. Hér er jákvæður hluti 62,46%

Sp. 17. Yfirferð kennara er hæfileg og jöfn. Hér er jákvæður hluti 62,9 %.

Sp. 21. Verkefni áfangans eru áhugaverð. Hér er jákvæður hluti 33,08%.

Sp. 22. Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa. Hér er jákvæður hluti 43,06%

Sp. 23. Kennarinn hefur hvatt mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum. Hér er jákvæður hluti 53,95%.

Sp. 24. Kennarinn sýnir fram á tilgang með náminu. Hér er jákvæður hluti 49,01%.

Sp. 25. Áfanginn er mér... . Hér er jákvæður hluti 43,92%.

Sp. 26. Undirbúningur minn virðist vera. Hér er jákvæður hluti 47,10%.

Sp. 27. Árangur minn verður líklega. Hér er jákvæður hluti 59,91%.

Sp. 28. Vinna mín í áfanganum hefur verið. Hér er jákvæður hluti 56,17%.

Sp. 29. Ég er ánægð(ur) með áfangann. Hér er jákvæður hluti 51,77%

Sp. 30. Ég er ánægð(ur) með kennsluna. Hér er jákvæður hluti 52,62%

Meðaltal jákvæða hluta spurninga (sammála + frekar sammála) er 62,68%, það hefur lækkað úr 68;88% frá vorönn 2013. Yfirleitt eru sömu spurningar undir 70% viðmiði (jákvæður hluti) milli kannanna, núna bætast við spurningar nr. 11, 13 og 15 sem eru undir 70% á milli anna, þ.e. frá á vorönn 2013. Spurningar 25, 26, 27 og 28 snúa beint að nemandanum, en það sem er sameiginlegt hinum spurningunum eru kennsluaðferðir. Til þess að skólinn nái betri árangri í spurningum 3, 4,5,11, 12,13,15,17,21, 22, 23,24,29 og 30 þarf að skoða kennsluaðferðir hjá einstökum kennurum. Undanfarin misseri hefur verið umræða um að taka upp leiðsagnarmat í skólanum. Ingvar Sigurgeirsson heimsótti skólann og var með erindi um leiðsagnarmat. Of lítil áhersla hefur verið hjá kennurum FSH að prófa leiðsagnarmat hingað til enda hefur mestur hluti tíma kennara sem ekki fer í kennslu farið í námskrárvinnu.

Úrbótatillögur við áðurnefndar spurningar:

Eftirfarandi tillögur hafa verið nefndar í fyrri matsskýrslum, þær eiga við áfram þar sem um sömu spurningar er að ræða. Þessar tillögur matsnefndar hafa ekki allar verið ræddar til fullnustu á meðal kennara.

Kennslan á að vera hvetjandi og uppbyggjandi þannig að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileikum.

Kennarar bæti kennsluaðferðir t.d. að nota fjölbreytta kennsluhætti svo að allir nemendur tileinki sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.

Kennarar vinna meira saman innan greinanna og þverfaglega og skiptist á hugmyndum um nýjungar í kennsluháttum t.d. í rýnihópum.

Kennarar nýti vefræna miðla til að fræðast um kennsluhætti.

Kennarar leggi áherslu á nýsköpun á sem flestum sviðum og reyni þannig að gera námið áhugavekjandi, einnig geta kennarar tengt námsefnið nærumhverfi nemandans og þannig aukið skilning og virðingu fyrir nánasta umhverfi.

Athugandi væri að kennarar skólans ynnu saman t.d. tveir og tveir, sætu tíma hjá hvor öðrum og ræddu kennsluaðferðir. Bæði það sem vel er gert og það sem betur mætti fara.

Heildarniðurstöður kennslukannanna frá haustönn 2013 eru verri en niðurstöður frá vorönn 2013. Meðaltal jákvæða hluta vorannar 2013 var 68,88% en haustannar 2013 62,68%.


Umræður um niðurstöður kennslukannanna vantar á kennarafundi og umræður um einstakar spurningar þurfa að fara fram. Úrbótatillögur sem matsnefnd hefur sett fram þurfa að koma skipulega til framkvæmda á meðal kennara. Allir kennarar athugi sína kennslu og skoði þau atriði þar sem kennslukannanir sýna að úrbóta er þörf.

Eftirfylgni: Niðurstöður kennslu-og áfangamats á næstu önnum og úrvinnsla úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást.

Vorönn 2014

Helsta verk sjálfsmatsnefndar var að útbúa viðhorfskönnun meðal nemenda FSH. Þessi könnun var ekki lögð fyrir nemendur vegna verkfalls kennara, hún verður lögð fyrir síðar. Eins voru kennslu- og áfangakannanir ekki lagðar fyrir vegna verkfallsins. Sjálfsmatsnefnd skólans fór yfir úrbótatillögur vegna kennslu- og áfangakönnunar frá hausti 2013 á kennarafundi.

Niðurstöður námsmats vorannar 2014.



Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,1. Fall á önninni var 4,03% og 6,5% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf (brottfall). Meðalmæting nemenda á önninni 95,20%. Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

Brotthvarf vorannar 2014 skoðað.

Vor 2014

Ástæður brotthvarfs	Kyn		Fæðingar- ár	1997	1996	1995	1994	Eldri	Móður- mál	Ísl	Annað
	Karl	Kona									
Fór að vinna	1	2						3	3		
Hætti vegna verkfalls		1			1				1		
Flutningar		1						1	1		
Fjárhagsaðstæður											
Námsörðugleikar											
Fannst námið											
Nám of erfitt	1						1		1		
Samskiptaörðugleikar											
Einelti											
Vísað úr skóla/brot á											
Veikindi barna											
Fór í annan skóla											
Líkamleg veikindi											
Persónulegar											
Neysla/meðferð											
Andleg veikindi											
Annað		3		3					2		1
Samtals	2	7	0	3	1	1	4	8			1

Þær þrjár stúlkur sem skráðar eru í reitinn „annað“ eru stúlkur sem komu í FSH í staka áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann. Þær hættu fljótlega eftir að önn hófst, ástæða óþekkt.

Heildarfjöldi eininga með einkunn O (nemendur mættu ekki í lokapróf) var 23, og heildarfjöldi eininga með einkunn H (nemendur hættu) var 93. Brotthvarfs einingar voru því alls 116 eða 6,7 ársnemendur.

3.3 Fall og brotthvarf á skólaárinu 2013 – 2014.

Fall á haustönn 2013 var 4,44% og brotthvarf var 2,87% skráninga.

Fall á vorönn 2014 var 4,03% og brotthvarf var 6,50% skráninga.

3.4 Úrbótatillögur vegna falls og brotthvarfs.

Eftirfarandi tillögur voru birtar í innra mats skýrslu frá skólaárinu 2011-2012. Þessar tillögur eiga alltaf rétt á sér. Til að fylgja þessum tillögum eftir var Ingvar Sigurgeirsson prófessor fenginn aftur í upphafi haustannar 2013 til að ræða um kennsluaðferðir, einkum leiðsagnarmat.

Kennarar hugi sérstaklega að þeim nemendum sem eru í mestri brotthvarfshættu frá upphafi annar og styrki þá með aðstoð umsjónarkennara og námsráðgjafa, svo þeir haldi út viðkomandi önn og ljúki námi á viðeigandi hátt.

Kennarar mættu halda betur utan um nemendur, og láta námsráðgjafa og umsjónarkennara vita ef einhver frávík verða á hegðun eða ástundun nemenda.

Fagkennarar þurfa að fá upplýsingar í upphafi annar um nýjar nemendur í sínum greinum með sértæka námsörðugleika. Umsjónarkennarar miðla þessum upplýsingum á sérstökum skilafundi á annaskilum.

Auka þyrfti framboð á námsráðgjöf og styrkja samband nemenda við umsjónarkennara, t.d. að fjölga viðtölum umsjónarkennara við nemendur.

Kennarar þyrftu að eiga greiðara aðgengi að upplýsingum um erfiðleika sem nemendur stríða við (greiningar o.fl.) Auka þyrfti umræðu um hvað gera skuli fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum.

Margir nemendur koma illa undirbúnir í kjarnaáföngum, skólinn þyrfti að geta boðið þessum nemendum nám þar sem áherslan er önnur en á hefðbundnar kjarnagreinar.

Kennsluhættir þyrftu að vera fjölbreyttari þannig að það sé hægt að nálgast sem flesta nemendur á þeirra forsendum.

Margar af ofangreindum tillögum eru nú þegar í framkvæmd og aðrar þyrfti að prófa sem fyrst.

Eftirfylgni: Brotthvarfstölur hvarrar annar héðan í frá og könnun á árangri á breyttum kennsluháttum.

Lokaorð

Tilgangur þessarar sjálfsmatsskýrslu er eins og áður að reyna að draga úr brotthvarfi og auka gæði kennslu við skólann. Mikilvægt er að umræða um markmiðasetningu fyrir skólann verði meiri og einnig um kennslu, kennsluaðferðir og námsmat. Vinna við breytta kennsluhætti er hafin við skólann, mikilvægt er að kennarar fái tíma til að sinna þeirri vinnu. Æskilegt væri að breyttir kennsluhættir kæmu til framkvæmda með nýrri skólanámskrá sem er í undirbúningi.

Sjálfsmatsnefnd FSH,

Gunnar Baldursson, Knútur Arnar Hilmarsson, Smári Sigurðsson